

**Erindi: Norðurgarður og Norðurbakki - endurbygging - 1407063**

Skipulags- og byggingarráð samþykkti þann 1.12.2020 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka og að málsmeðferð yrði í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga. Erindinu var jafnframt vísað til staðfestingar í Hafnarstjórn og bæjarstjórn. Hafnarstjórn samþykkti erindið á fundi sínum þann 2.12.2020 og bæjarstjórn samþykkti samhljóða afgreiðslu hafnarstjórnar og skipulags- og byggingarráðs þann 9.12.2020.

Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Norðurbakka var auglýst 18.12.2020-28.1.2021. Tillagan var jafnframt grenndarkynnt öllum íbúum í fjölbýlishúsum við Norðurbakka. Athugasemd barst frá einum íbúa.

Sú athugasemd sem barst er eftirfarandi:

***“Er með tvær athugasemdir við annars gott skipulag á Norðurbakka. Á teikningum má sjá háa ljósastaura og tré. Þetta mun skyggja á útsýni íbúa við Norðurbakkann og mæli ég með lágum sæpolnum gróðri og áframhald á lágum ljósastólpum sem eru sjómegin við Strandgötu.”***

Þessi athugasemd er ábending um hvað betur mætti fara við framkvæmd deiliskipulagins, og er þeim komið á framfæri til skipulagshöfunda.

Lagt er til við Skipulags- og byggingarráð að fyrirliggjandi deiliskipulagsbreyting verði samþykkt og erindinu lokið í samræmi við 41. gr. skipulagslaga.

Þormóður Sveinsson Skipulagsfulltrúi.